



VINNUSTOFA UM UMHVERFISMÁL SVEITARFÉLAGA

Fagrð umhverfismála hjá SSNE bauð starfsfólki sveitarfélaga er sinna umhverfismálum á vinnustofu að Breiðumýri í Þingeyjarsveit 28. október.

Ottó, formaður fagrðs, setti fundinn og kynnti í kjölfarið verkfærakistu loftlagsmála sem Samband íslenskra sveitarfélaga setti í loftið á dögnum.

Í framhaldi af kynningu á kistunni, sýndi Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps fundargestum þeirra þróunarvinnu með fyrirtækinu GreenFo sem felst í hagnýtingu gagna úr bókhaldskerfum til að reikna kolefnisspor. Eftir ljómandi hádegisveitingar frá Dalakofanum var farið að ræða tækifæri sveitarfélaga í nýtingu lands, landgræðslu og skógrækt.

Fagrð umhverfismála þakkar fundargestum kærlega komuna og þátttökuna á vinnustofunni.



Vel var mætt á fundinn og líflegar umræður sköpuðust. Fulltrúar frá átta sveitarfélögum mættu á staðinn ásamt fulltrúum fagrðs umhverfismála og starfsmanni SSNE. Nokkrir aðilar mættu rafrænt á fundinn, þ.á.m. starfsmaður Umhverfisstofnunar.

NÁMSKEIÐ FYRIR MATARFRUMKVÖÐLA

SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA

Nú er að fara af stað verkefni sem er ætlað smáframleiðendum matvæla sem vilja efla leiðtogafærni sína, öðlast aukna getu til að þróa vörur og þjónustu og efla tengslanetið sitt í greininni. Verkefnið ber heitið Matsjáin og fer fram á 14 vikna tímabili frá 6. janúar til 7. apríl og samanstendur af sjö lotum með heimafundum/jafningjaráðgjöf, fræðslu og erindum, verkefnavinnu og ráðgjöf.

Verkefnið hlaut styrk úr Matvælasjóði og er byggt upp að fyrirmynd Ratsjárinnar sem er verkefni fyrir stjórnendur í ferðaþjónustu þróað af Íslenska ferðaklasanum. Samtök smáframleiðanda matvæla og landshlutasamtök sveitarfélaga um land allt standa að Matsjáinni en verkefnisstjórn er í höndum RATA. Nánar má lesa um verkefnið hér.

Matsjáin mun snerta á helstu áskorunum sem smáframleiðendur matvæla standa frammi fyrir í dag en endanleg dagskrá mun vera unnin í samstarfi við þátttakendur sem geta með kosningu haft áhrif á þá fræðslu sem boðið verður upp á. Listi yfir möguleg umfjöllunarefni er að finna inn í umsóknarforminu hér. Meðal ávinninga af þátttöku má nefna að efla fókus í starfsemi og framleiðsluferli, öðlast ný verkfæri og þekkingu, aukin leiðtogafærni, koma auga á ný viðskiptatækifæri og aukið tengslanet og mögulegt samstarf meðal þátttakenda.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember og verkefnið hefst með kynningarfundi 2. desember. Frekari upplýsingar veitir Anna Lind, verkefnastjóri SSNE, annalind@ssne.is



VÍÐTÆKT SAMTAL OG SAMVINNA SVEITARFÉLAGA OG LANDSHLUTASAMTAKA

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga var haldin dagana 7. og 8. október í Reykjavík. Dagskrá ráðstefnunnar var yfirgripsmikil og metnaðarfull en óhætt er að segja að fjárhagur sveitarfélaga og aðrar krefjandi áskoranir hafi verið rauður þráður í efnistöku og umfjöllun. Vegna heimsfaraldursins þurfti að takmarka fjölda þátttakenda en til að bæta það upp var ráðstefnunni streymt en einnig var hún tekin upp. Nálgaðst má upptökur frá þinginu hér: Fjármálaráðstefna 2021 - Samband íslenskra sveitarfélaga

Að lokinni fjármálaráðstefnunni funduðu formenn og framkvæmdastjórn landshlutasamtakanna með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, formanni og framkvæmdastjóra. Þar deildu Sambandið og landshlutasamtökin upplýsingum um helstu áskoranir og tækifæri sem við blasa en einnig var rætt um samstarf og aukið samtal á þessum vettvangi.

Daginn fyrir fjármálaráðstefnuna hittust formenn og framkvæmdastjórn landshlutasamtakanna á fundi á Northern Light Inn hótelinu á Reykjanesi. Á fundinum voru rædd margvísleg mál sem snerta einstök landshlutasamtök en ekki síður þær sameiginlegu áskoranir sem landshlutasamtökin standa frammi fyrir. Það var ánægjulegt að sjá þann mikla áhuga sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið sýndi fundinum með því að vel samsettur hópur fulltrúa ráðuneytisins sótti fundinn, flutti erindi og bauð upp á mjög gagnlegt samtal. Hópurinn heimsótti einnig Auðlindagarðinn í Svartsengi og fékk kynningu á starfsemi hans.





”

Pastel ritröð hófst haustið 2016 með undirbúningi á fimm bókverkum og viðburðum þeim tengdum og litu fyrstu verkin dagsins ljós árið 2017. Verkefnið Pastel ritröð hefur hlotið styrk úr uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra, en starfsmaður SSNE fékk verkefnastjóra Pastel ritraðar til að segja okkur nánar frá þessu frábæra verkefni.

„Við hjá Flóru menningarhúsi höfum seinasta áratug staðið fyrir ólíkum sérverkefnum á menningarsviði hér á Norðurlandi, staðið að sýningum og viðburðarhaldi og rekið vinnustofur listamanna. Pastel varð til í samtali okkar og nokkurra listamanna, þar sem við fundum fyrir þörf á meira samstarfi milli landshluta, listgreina og reynslustiga. Auk þess sem okkur fannst sárlega vanta tilraunakenndan og óformlegan vettvang fyrir slíkt samstarf hér norðan heiða.”

Hver er tilgangur verkefnisins? Með Pastel þá leiðum við saman yngri og eldri listamenn, reyndari og óreyndari og hvetjum nýliða til áframhaldandi listsköpunar og þau reyndari til þess að stíga jafnvel út fyrir sinn þróaða vinnuramma. Við vöndum til en stjórnun minna hvert listaverkið leiðir mann. Þannig virkar Pastel ritröð bæði verkefnaskapandi fyrir einstaka listamenn, en einnig sem neisti inni grasrótastarf lista og menningar hér á Norðurlandi. Um leið stuðlum við að kynningu á bókverkaforminu sem listformi.

Fyrir hverja? Pastel ritröð tengir saman grasrót listamanna og stofnanir, leiðir saman ólíka listamenn úr röðum myndlistar, leikhúss, ritlistar og tónlistar, sem og almenning og listamenn. Bókverkin eru listaverk í smáritaformi, einföld og aðgengileg. Í verkunum blandast textar og myndefni saman í mismunandi vægi, allt eftir því hvaða jafnvægi og túlkunarmátur þjónar viðkomandi listamanni. Öll listaverkin okkar eru frumsköpun, það er verk sem ekki hafa áður verið flutt eða birt. Það sama gildir fyrir framlag listamanna okkar á viðburðum Pastel. Við vinnum einnig ótúllega að því að tengja listafólk saman og einnig að kynna listamenn okkar fyrir almenningi og skapa flæði á milli þessara hópa.

Verkin hafa verið prentuð í svansvottaðri prentsmiðju í heimabyggð Pastel ritraðar á Akureyri. Eins erum við í góðu samstarfi við staðarhaldara, listamenn, grafískan hönnuð, ljósmyndara, upptökuaðila, gistiúsarekanda, vefhönnuð, veitingamenn og fleiri aðila, sem öll fá verkefni í tengslum við listsköpun okkar og viðburðarhald. Það fjármagn sem SSNE leggur til verkefnisins, auk þess sem Flóra leggur fram á móti, streymir allt út í samfélagið. Þessar upphæðir eru hver um sig ekki háar, en allt telur það. Auk jákvæðra umhverfislegra og hagrænna áhrifa, þá ýtir slíkt samstarf undir listsköpun og frekara samstarf skapandi aðila á svæðinu og skapar tengsl langt út fyrir það. Norðurland býr að öflugum menningarstofnunum, sem þarf að hlúa vel að. Við þurfum líka á kröftugu sjálfstætt starfandi listafólki að halda, sem starfar meira utan þessarar stofnanna en þó stundum innan þeirra líka. Þessir listamenn búa hér, vinna að eigin listsköpun og mynda óformlegan vettvang grasrótastarfa fyrir tilraunir og tilurð nýjabrúms í menningu okkar. Pastel ritröð undir hatti Flóru menningarhúss myndar einn vettvang listsköpunar og tengslamyndunar fyrir þennan hóp. Það skiptir líka máli að standa að listsköpun sem er ekki markaðsdrifin.

Hvernig er hægt að nálgast verkefnið? Best er að lesa sig til um Pastel ritröð og skoða verkin og listamenn okkar inn á síðu verkefnisins www.pastel.is. Þar er hægt að skoða aðeins inni hvert verkanna, en þau eru jú í millitíðinni orðin 25 talsins. Eins eru verkin aðgengileg í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur, á Listasafninu á Akureyri og í Flóru menningarhúsi, auk nokkurra bókasafna víðsvegar um landið. [Viðtalið má lesa í heild sinni hér.](#)



TÍMINN LÍÐUR HRATT Á HÚSAVÍK

Eurovision gleðin heldur áfram á Norðurlandi og nú hafa Íslendingar sem og erlendir gestir enn frekari ástæðu til að heimsækja svæðið og fjölbreytta menningu þess. Könnunarsafnið á Húsavík hefur opnað dyrnar fyrir Eurovision aðdáendum og komið upp þremur sýningum tengdum keppninni, auk þess að setja upp tónleika aðstöðu.

Nú er lag fyrir tónlistarfólk og -gesti að sækja Húsavík en salurinn tekur u.þ.b. 60 manns í sæti. Þann 15. október síðastliðinn opnaði sýningin um Ísland í Eurovision en meðal gesta var Óskarskórinn sjálfur sem gladdi eyru og augu gesta. Ýmsir viðburðir eru framundan og hvetjum við fólk til að fylgjast með og taka þátt. Verkefnið var styrkt úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra.

SKÖPUN UTAN LÍNULEGRAR DAGSKRÁR

Á Listasafninu á Akureyri er börnum boði að taka virkan þátt í menningarlífinu og njóta listrænnar upplifunar. Listasafnið kemur til móts við fjölskyldur og býður börnunum og þeirra nánustu að taka þátt í listsmiðjum á þeim tíma sem hverjum og einum hentar best. [Smiðjurnar eru rafrænar og nefnast Sköpun utan línulegrar dagskrár.](#) Þátttakendur geta horft á myndbönd og unnið verkin heima við, en afkrastur listsmiðjanna verður til sýnis í fræðslurými Listasafnsins.

Markmið verkefnisins er að börn fái að kynna ólíkum listformum þar sem starfandi listamenn leiða þau áfram með áherslu á sköpun og sjálfstæði. Börn fá tækifæri til að efla þekkingu sína og tjá sig í gegnum listina á sínum forsendum á sama tíma og þau njóta samveru með sínum nánustu. Verkefnið er styrkt af SSNE.

Styrkjavertiðin er í fullum gangi og er fjölbreytt svið styrkja sem hægt er að skoða og sækja um. Ráðgjafar SSNE veita upplýsingar um styrki og styrkjarmöguleika sem standa einstaklingum, fyrirtækjum og rannsóknaraðilum til boða en við hvetjum einstaklinga og fyrirtæki til að kynna sér málin á heimasíðu SSNE þar sem má finna yfirlit yfir styrki sem veittir eru frá ráðuneytum, Rannís, samfélagssjóðum, Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra ofl. Við vekjum líka athygli á því að mörg fyrirtæki veita samfélagsstyrki og hvetjum við fólk til að kynna sér þá. Athugið að listinn er ekki tæmandi.

Hægt er að bóka viðtal við ráðgjafa á ssne@ssne.is

- **Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra / 10. nóvember**
 - **Fyrir hverja:** Lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir eða sveitarfélög á Norðurlandi eystra.
 - **Til hvers:** Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður sem hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að Sóknaráætlun Norðurlands eystra.
- **Lýðheilsusjóður / 15. nóvember**
 - **Fyrir hverja:** Til verkefna og afmarkaðra hagnýtra rannsókna.
 - **Til hvers:** Stuðla að heilsuefningu og forvörnum.
- **Styrkir til tónleikahalds í Hörpu / 22. nóvember**
 - **Fyrir hverja:** Einstaklinga, tónlistarhópa, tónlistarhátíða, hljómsveita og félagasamtaka.
 - **Til hvers:** Stuðla að eflingu íslensks tónlistarlífs með því að veita tónlistarfólki styrki til tónleikahalds í tónlistarhúsinu Hörpu.
- **Glæðum Grímsey: Frumkvæðissjóður Brothættra byggða / 24. nóvember**
 - **Fyrir hverja:** Einstaklinga, félög og aðra lögaðila óháð búsetu
 - **Til hvers:** Verkefna- og stofnstyrkir á sviði atvinnu- og nýsköpunar og á sviði samfélagsefningar í Grímsey
- **Biodiversa+ / 30. nóvember**
 - **Til hvers / Fyrir hverja:** Verkefni er styðja við líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi lands og sjávar
- **Betri Bakkafjörður: Frumkvæðissjóður Brothættra byggða / 15. desember**
 - **Fyrir hverja:** Einstaklinga, félög og aðra lögaðila óháð búsetu
 - **Til hvers:** Verkefna- og stofnstyrkir á sviði atvinnu- og nýsköpunar og á sviði samfélagsefningar á Bakkafirði

ALMENNINGSSAMGÖNGUR UM LAND ALLT

Í ágúst auglýsti samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra eftir umsóknum um framlög til verkefna á sviði almenningssamgangna, sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2018-2024 (aðgerð A.10 - Almenningsamgöngur um land allt). Að þessu sinni er úthlutað 36 milljónum króna til sjö verkefna á sviði almenningssamgangna fyrir árin 2021-2022. Tvö verkefni á Norðurlandi eystra hljóta styrk að fjárhæð 5 m.kr. og voru báðar umsóknir unnar af SSNE. Markmið með framlögunum er að styðja við áframhaldandi þróun almenningssamgangna um land allt, sérstaklega út frá byggðalegum sjónarmiðum.

Samfélagsleg nýsköpun. Samlegð farþega- og pósthutninga á Norðausturlandi. Umsækjandi: SSNE. Búið er að gera þarfagreiningu og eiga samræður við hagaðila. Nú þarf að vinna frekari greiningu – á hindrunum, á umhverfi og finna hagkvæmari lausnir. Fyrirmyndir verða sóttar til annarra landa meðal annars norður Noregs varðandi það kerfi sem hefur verið byggt upp með samnýtingu ýmis konar flutninga. Styrkur kr. 3.800.000,-.

Heilsuefandi almenningssamgöngur í Langanesbyggð. Langanesbyggð í samvinnu við verkefnið Betri Bakkafjörður hlaut þróunarstyrk til að vinna þarfagreiningu og skýrari verkefnisáætlun. Ætlunin er að koma á almenningssamgöngum milli Bakkafjarðar og Þórshafnar og með því tvíanna saman heildræna lýðheilsustefnu og notendamiðaðan frístunda- og tómstundaakstur. Byggð við Bakkafloa hefur átt undir högg að sækja og verkefnið er liður í átaki gegn þeirri þróun. Styrkur kr. 1.200.000,-.

FINNST ÞÉR FLÓKIÐ AÐ SÆKJA UM STYRKI?



Hjá SSNE er hægt að nálgast upplýsingar um ýmsa styrki sem í boði eru, bæði hér á landi sem og erlendis. Þá býður SSNE upp á fría ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja vegna styrkumsóknarskrifa en nú bætum við um betur og bjóðum upp á fjárhagsaðstoð til að niðurgreiða kostnað við sérhæfða ráðgjöf eða námskeið í styrkumsóknarskrifum. Markmiðið er annars vegar að fjölga umsóknum af svæðinu og hins vegar að hækka árangurshlutfall umsókna af svæðinu. Þessi aukna aðstoð við styrkumsóknarskrif er hluti af verkefninu "Nýsköpun á Norðurlandi" sem var eitt af áhersluverkefnum SSNE 2021. Einfalt og fljótlegt er að sækja um slíka aðstoð og er tekið við umsóknum allan ársins hring.


Hér er hægt að fá frekari upplýsingar.

GLÆÐUM GRÍMSEY

Íbúar í Grímsey komu saman á íbúafundi á veitingastaðnum Kríunni laugardaginn 16. október. Á fundinum kynnti Arna Björg Bjarnadóttir, verkefnisstjóri Glæðum Grímsey ýmsa styrkjamöguleika. Á fundinum skapaðist einnig líflæg umræða um sérstöðu Grímseyjar og tækifærin sem í henni liggja.

Dagana 22.-25. október heimsótti Arna Björg eyrna að nýju, en með henni í för að þessu sinni var Hjörleifur Stefánsson arkitekt. Tilgangur ferðarinnar var að halda íbúafund um byggingu nýrrar kirkju og tækifæri sem felast í menningarminjum eyjarinnar. Að frumkvæði sóknarnefndar var Hjörleifur fenginn til að koma með tillögur að nýrri kirkju. Á íbúafundi í félagsheimilinu Múla laugardaginn 23. október samþykktu íbúar einróma að fá hann til að halda áfram með verkefnið og koma með frumteikningar að nýrri kirkju.

Arna og Hjörleifur nýttu helgina vel m.a til að skoða menningarminjar, auk þess sem Arna heimsótti vinnustaði og átti fundi með íbúum. Þau fundu hlaðinn Gvendarbrunn sem getið er um í fornleifaskrá Orra Vésteinssonar, fornleifafræðings, en eyjaskeggjum var ekki kunnugt um. Gvendarbrunnar er víðar að finna, en um er að ræða brunna sem Guðmundur biskup góði er sagður hafa vígt. Vatnið í þessum brunnum er sagt hafa lækningamátt. Á fundinum létu íbúar í ljós áhuga sinn á að gera meira úr menningarminjum eyjarinnar, til að mynda að grafa frá og hlúa að þessum Gvendarbrunni. Að loknum íbúafundi buðu íbúar gestum til glæsilegrar kvöldmáltíðar í Félagsheimilinu Múla.



FRUMKVÆÐISSJÓÐUR BROTHÆTTRA BYGGÐA

Veittir eru verkefnastykir og stuðningur á vegum Brothættra byggða til þróunarverkefna og annarra samfélagsefandi verkefna á þeim svæðum sem taka þátt. Verkefni þurfa að styðja við markmið og framtíðarsýn í verkefninu Brothætta byggðir í viðkomandi byggðarlagi.

Sjóðurinn er opin einstaklingum, félögum og öðrum lögaðilum óháð búsetu uppfylli umsókn skilyrði sjóðsins og úthlutunarreglur. Styrkir eru veittir í eftirfarandi flokkum:

- Verkefna- og stofnstyrkir á sviði atvinnu- og nýsköpunar
- Verkefnastykir á sviði samfélagsefingar

Frumkvæðissjóður: Glæðum Grímsey. Umsóknarfrestur er til og með 24. nóvember 2021
Frumkvæðissjóður: Betri Bakkafjörður. Opnað verður fyrir umsóknir 12. nóvember 2021



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTR

BROTHÆTTAR BYGGÐIR: VERKEFNASTJÓRAFUNDUR

Verkefnisstjórar Brothættra byggða og sambærilegra byggðapróunarverkefna komu saman til fundar í húsaáætlun Byggðastofnunar dagana 12. og 13. okt. sl.

SSNE átti þrjá þátttakendur þau Gunnar M. Gunnarsson, verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar, Örnur Björg Bjarnadóttir verkefnisstjóri Glæðum Grímsey og Nönnu Höskuldsdóttir verkefnisstjóri SSNE á Raufarhöfn.

Hópurinn hittist reglulega og hefur gert um árábil en nú var loksins tækifæri til að hittast á staðfundi eftir langan tíma, og var það mjög ánægjulegt.

Dagskráin var þéttskipuð. Farið var yfir verkefnis lýsingu Brothættra byggða, ýmis praktísk málefni tengd framkvæmd og umsýslu verkefna í þáttökubygðarlögunum voru rædd og margt fleira.



Mynd: Kristján Þ. Halldórsson

HEIMSÓKN NEMA UM LANDSHLUTANN

Í mánuðinum sem leið bauðst nemendum við Heimskautarétt við Háskólann á Akureyri og skiptinimum í hagfræðilegri þróun að heimsækja norðausturhornið með skipulagðri vettvangsferð. Háskólinn á Akureyri í samstarfi við SSNE stóðu fyrir ferðinni. Nemendur heimsóttu m.a. Bakkafjörð, Raufarhöfn og Húsavík og fræddust um vísindasamstarf og náttúruvísunir, uppbyggingu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum, verkefni tengd brothættum byggðum, og ýmis tækifæri á sviði nýsköpunar, orku, sjálfbærni og loftslagsmála.

„Þetta var sannarlega skemmtileg ferð og við lærðum ofboðslega mikið! Ég sá miklu skýrar nú en áður hvaða áskoranir kunna að verða á vegi manns þegar kemur að því að skapa tækifæri í byggðum sem eru landfræðilega afskekktar. Samtöl okkar við starfsmenn SSNE gáfu okkur innsýn í framtíðarhugsjónir sem hafa verið ræddar á svæðunum eins og t.d. græni iðngarðurinn á Húsavík.“ - Felicia Bahr.



Myndir úr ferð háskólanemanna



HAUSTÞING SSNE

Þann 1. október síðastliðinn var haustþing SSNE haldið í fjarfundi en aukaping SSNE verður haldið þann 10. desember næstkomandi í staðfundi að öllu óbreyttu.

Haustþingið heppnaðist vel og mæting var góð. Farið var yfir stöðu fjárhagsáætlunar 2021 og drög að fjárhags- og starfsáætlun næstkomandi árs. Þá voru lagðar fram tillögur um breytingu sem felur í sér að umhverfisnefnd verði fagráð umhverfismála sem leiðir til þess að fulltrúi umhverfismála mun eiga sæti í úthlutunarnefnd styrkja úr Uppbyggingarsjóði.

Þá voru umræður um svæðisborgina Akureyri, samgöngustefnu SSNE og undir endann var hópavinna varðandi sýn þinggesta á áherslur SSNE í málefnum atvinnulífsins. Sköpuðust lífligar umræður í vinnuhópum og gagnlegt að fá tillögur og ábendingar frá þinggestum inn í þessa vinnu.



Nú hyllir undir það að svona myndir verða fátíðari og hægt verður að taka myndir af fólki sem hittist. Starfsfólk hlakkar mikið til þess og er byrjað að telja niður í aukapingið 10. desember sem vonandi verður í raunheimum.

Sjáumst hress!

UNGmennARÁÐ SSNE



Árið 2019 veitti Eyþing styrk til að skapa vettvang ungs fólks á Norðurlandi eystra. Undir því verkefni var haldinn viðburðurinn **Ungt fólk og Eyþing 2020**. Á þeim viðburði kusu ungmennin um framhaldið og ákveðið var að halda Landsmót SSNE.

Tillagan hljómaði eftirfarandi:

„Tillaga að viðburði bar yfirheitið Landsmót SSNE og fól í sér helgi á vordögum þar sem ungmenni koma saman, gista í skóla og gera skemmtilega hluti sem fá ungmenni til að vilja taka þátt, eins og til dæmis að bjóða upp á pizzaveislu, ísferð, bíókvöld eða sund. Það verða stöðvar fyrir ungmennin tengd heimsmarkmiðunum og þeim verður dreift yfir tvo til þrjá daga. Þá verður til dæmis boðið upp á matreiðslukennslu úr íslensku hráefni, þar sem þátttakendum yrði kennt að nýta hráefni úr heimabyggð, nýsköpunarleiki sem snúast um að skapa eitthvað skemmtilegt sem getur til dæmis tengst aðgerðum í loftslagsmálum, fræðsla um það hvert ruslið okkar fer og hvað verður um það þegar við hendum því. Þá lögðu þau til fræðslu um snjalltækjanotkun sem snýr að heimsmarkmiði 3; Heilsa og vellíðan. Þá vilja þau planta trjálm saman og jafnvel fara í fyrirtækjaheimsóknir og skoða hvort og hvernig þau eru að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Landsmótið á að vera skemmtilegt og skapandi fyrir ungmenni.“

Starfsfólk SSNE ásamt starfsfólki sveitarfélaganna hafa stofnað vinnuhóp sem mun halda Landsmót SSNE 25.-26. nóv í Mývatnssveit. Unnið verður út frá tillögu ungmennana sem er hér að ofan. Á Landsmóti SSNE verður svo ákveðið með framhaldið og að því loknu telst verkefnið Vettvangur ungs fólks á Norðurlandi eystra lokið.

Það er mikilvægur liður í samráði varðandi Sóknaráætlun NE að ungt fólk fái þar virka aðkomu og er þetta einn liður í þeirri vinnu.

STARFSHÓPUR UM PÓSTÞJÓNUSTU

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur skipað starfshóp sem hefur það hlutverk að meta hvernig best megi ná markmiðum 1. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019 um alþjónustu, m.a. með hliðsjón af tækninýjungum, samkeppnissjónarmiðum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands.

Markmið með vinnu starfshópsins er að:

- greina tækifæri til að lækka kostnað ríkissjóðs af pósthjónustu, þ.e. svokölluðum alþjónustukostnaði
- útfæra tillögur sem tryggja að allir landsmenn fái notið pósthjónustu og greiði fyrir hana viðunandi verð, þ.m.t. mögulega flutningsjöfnun
- tryggja heilbrigða samkeppni á svæðum þar sem ekki er markaðsbrestur
- greina og bregðast við mögulegri skörun milli laga um pósthjónustu og laga um farþegaflutninga og farmflutninga á Íslandi.

Auk fulltrúa samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytis sitja í nefndinni fulltrúar fjármála- og efnahagsráðherra, fulltrúi forsætisráðherra, Byggðastofnunar, Samkeppniseftirlitsins, Samtaka verslunar og þjónustu, Samtaka atvinnulífsins og Neytendasamtakanna. Landshlutasamtök eiga tvo fulltrúa í starfshópnum en það eru þau Eyþór Björnsson, framkvæmdastjóri SSNE og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV.

Starfshópurinn hefur fundað tvisvar en hópnum er ætlað að setja tillögur fram í skýrslu ásamt kostnaðarmati og gera grein fyrir áhrifum þeirra á póstmárkaðinn í heild og hagrænum áhrifum í samkeppnislegu og byggðalegu sjónarmiði. Skipað er í hópinn til 15. desember næstkomandi.



HEIMSÓKN FRÁ REYKJANESBÆ

21. október fékk SSNE góða heimsókn frá starfsfólki Reykjanesbæjar þar sem starfsemi og helstu verkefni samtakanna voru kynnt. Skemmtilegt samtal um ólíkar áskoranir eftir landshlutum sem felast m.a. í fjarlægðum frá Höfuðborgarsvæðinu og nálægðinni við Keflavíkurluguvöll. Tækifæri á Norðurslóðum voru rædd og hvernig tækni gæti leyst ýmsar hindranir t.d. í menntun í dreifðum byggðum og heilbrigðis- og velferðarkerfinu.



SAMTALIÐ

Ágrip frá framkvæmdastjóra

Í síðasta fréttabréfi fjallaði ég stuttlega um undirbúning fyrir hagkvæmnimat líforkuvers en sá undirbúningur hefur staðið yfir undanfarna mánuði og misseri. Fjármagns til að vinna hagkvæmnimat hefur verið aflað með framlagi úr áhersluverkefni umhverfismála SSNE, frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti og sveitarfélögum á svæðinu. Til að standa vörð um hagsmuni og sjónarmið sveitarfélaga og veita matsaðilum aðhald var settur á fót stýrihópur en í hópnum sitja Drífa Valdimarsdóttir, fjármálastjóri Norðurlánga og staðgengill sveitarstjóra, Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar og Rut Jónsdóttir, forstöðumaður umhverfis- og sorpdeildar Akureyrar. Mikilvægur og ánægjulegur áfangi náðist föstudaginn 22. október en þá var haldinn fundur stýrihópsins, matsaðila og SSNE þar sem verkefninu „Hagkvæmnimat líforkuvers“ var ýtt úr vör. Þessir aðilar munu funda aftur þegar verkefnið er komið vel af stað og áður en lokaskýrsla verður lögð fram. Við höfum komið á rafrænum vettvangi til upplýsingamiðlunar fyrir stýrihópinn, matsaðila og SSNE. Við hjá SSNE munum leggja okkur fram um að upplýsa sveitarfélög á svæðinu um framvindu vinnunar.

Úrgangsmál taka orðið mikinn tíma hjá SSNE enda eru þar mjög aðkallandi verkefni og áskoranir sem krefjast úrlausnar. Síðla árs 2015 var „Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015 - 2026“ undirrituð af sveitarfélögum á Norðurlandi, frá Húnaþingi vestra til Norðurlánga. Samkvæmt mínum upplýsingum hefur áætluninni lítið sem ekkert verið fylgt og hún virðist hafa endað sem skúffuskjal. Frá því að sú svæðisáætlun var unnin hefur gríðarlega mikið breyst hvað varðar úrgangsmál og brýnt er að endurskoða svæðisáætlunina með tilliti til áorðinna og fyrirjáanlegra breytinga í lagaumhverfinu. Enn brýnna er að haga áætlunarvinnunni þannig að til verði skýr og raunhæf aðgerðaráætlun sem tekur mið af þörfum sveitarfélaganna til að uppfylla lagaskyldu í úrgangsmálum. Aðgerðaáætlun sem inniheldur skýr, mælanleg markmið sem taka mið af lögum og reglum en ekki síður bolmagni hvers sveitarfélags til aðgerða. SSNE mun á næstu vikum og mánuðum leiða saman aðila sem veitt geta gagnlegar upplýsingar og verið til stuðnings við undirbúning svo sveitarfélögin á svæðinu geti tekið upplýsta umræðu um málefnið og ákveðið næstu skref.

Desember þing SSNE verður haldið föstudaginn 10. desember í Eyjafjarðarsveit. Gert er ráð fyrir því að þingið hefjist kl. 11:00 og verði lokið kl 16:00. Endilega takið daginn frá. Að fenginni reynslu þá set ég samt þann fyrirvara að staða vegna heimsfaraldursins getur haft áhrif en við trúum því okkur takist loksins að hittast öll á einum stað. Ef áform um þing í Eyjafjarðarsveit gengur eftir verður það fyrsta þing SSNE í raunheimum. Það er því mikil eftirvænting hjá okkur að fá loksins tækifæri til að hitta þingfulltrúa og gesti þingsins augliti til auglitis, spjalla, skiptast á skoðunum og hlæja saman. Mikið hlakka ég til!

Með kærri kveðju,
Eypór Björnsson

Fyrirtækjaheimsókn í Primex



Fyrirtækjaheimsókn á Hótel Siglunes



Viðverutímar starfsmanna

Akureyri - Elva og Rebekka eru við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:00 og á föstudögum til 14:00. Eypór er á Akureyri 2 daga í viku að jafnaði. Meginreglan er að hann sé þar mánudaga og þriðjudaga en það er þó breytilegt eftir dagskrá hvernar viku. Verkefnastjórar Glæðum Grímsey (Arna) og Betri Bakkafjarðar (Gunnar) hafa einnig starfsaðstöðu á Akureyri.

Bakkafjörður - Gunnar Már er við mánudaga til miðvikudaga milli 9:00 - 15:00.

Dalvík - Anna Lind er við á þriðjudögum 9:00-15:00.

Grímsey - Arna Björg er með breytilega viðveru úti í Grímsey en er að jafnaði við á skrifstofu okkar á Akureyri mánudaga til föstudaga 9:00-12:00.

Húsavík - Silja, Ari Páll og Hildur eru við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:00 og fös 9:00-14:00. Eypór er á Húsavík tvo daga í viku að jafnaði. Meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er þó breytilegt eftir dagskrá hvernar viku.

Ólafsfjörður - Anna Lind er við á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum 9:00-15:00 og á föstudögum 9:00-14:00. Eypór er þar að jafnaði síðasta mánudag í hverjum mánuði.

Raufarhöfn - Nanna Steina er við mánudaga til fimmtudaga 9:00-15:30.

Vinsamlegast nýtið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega föst þá er betra að tryggja að starfsfólks sé til staðar. [Allar tenglaupplýsingar má finna hér.](#)